

31. ágúst 2023

Greinagerð

Tekin saman af íbúum Mosató, Hnaus, Flóahrepp.

Óskað er eftir að erindi okkar sé tekið fyrir á næsta fundi sveitarstjórnar, þriðjudaginn 5. September næstkomandi.

Aðreinar og vegmerkingar.

Aðreinar

Suðurlandsvegur, Þjóðvegur 1 til austurs og vesturs við afleggjara að Hnaus

Við óskum eftir að gerð verði stutt aðrein að afleggjaranum í akstursleið til austurs og útskot í akstursleið til vesturs.

Vegna aukinnar umferðar við Þjóðveg 1 hefur hætta skapast við afleggjara að Hnaus. Þjóðvegurinn er eini vegurinn sem liggur að afleggjara Hnauss.

Í Hnaus er íbúabyggð, frístundabyggð, hótelstarfsemi og gistiheimili með tilheyrandi umferð.

Hótelreið eitt og sér rúmar 25-30 gesti sem fara allir á stjá yfir daginn, starfsmenn sem keyra til vinnu, þeir íbúar sem hafa fasta búsetu (um 7-8 hús), ásamt frístundabyggð. Okkur telst því til að beygt sé inn á og af afleggjarann um það bil 60-100 sinnum á dag. Ef hætta skapast í 1% tilvika þá er það 4-7 sinnum í viku.

Það er ósk okkar að reynt verði að finna lausn sem allra fyrst til að forðast óafturkræft slys. Því það er er ekki spurning um hvort, heldur hvenær slys mun eiga sér stað á þessum gatnamótum.

Þjóðvegur 1 á suðurlandi er einn fjölfarnasti vegur landsins og því þarf að huga að úrbótum víðsvegar. Þessar tillögðu úrbætur eru eitt skref í þá átt

Sjá tillögur að úrbótum í viðauka á öftustu síðu þessa skjals.

31. ágúst 2023

Vegmerkingar

Ekki er hægt að keyra að Mosató nema í gegnum Hnaus, því er mikilvægt að viðeigandi vegmerkingar séu settar upp við þjóðveginn og á skiltum innan hverfis. Nánar tiltekið þar sem Hnaus endar og Mosató byrjar.

Mikilvægt er að bæta þetta, ekki vegna íbúa heldur helst vegna viðbragðsaðila ef óvæntir atburðir eiga sér stað. Einnig myndi þetta hjálpa póstþjónustu, skólabíl og sorphirðu að átta sig á staðháttum.

Okkur þætti vænt um að fá að fylgjast með framgangi þessa máls.

Með fyrirfram þökkum
Fyrir hönd okkar í Mosató
Eva Lind Höskuldsdóttir

31. ágúst 2023

Viðauki

Eins og staðan er í dag.



Ósk um breytingu.

